

Hjörleifur Guttormsson
Vatnsstíg 21 (1101)
101 Reykjavík
Netfang: hjorleifur@eldhorn.is

30. nóvember 2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/564
komudagur 1.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál á 140 löggjafarþingi.

Ég þakka umhverfisnefnd fyrir að gefa mér kost á að veita umsögn um ofangreinda tillögu um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan.

Tillaga þessi er athyglisverð þar eð hún beinir sjónum að fögru og fjölbreyttu landsvæði við norðanverðan Breiðafjörð sem ástæða er til að vernda og nýta í þágu almennings í góðu samstarfi við landeigendur og aðra rétthafa á svæðinu.

Í greinargerð eru réttilega dregnir fram margvíslegri kostir þessa svæðis, m.a. til styrktar ferðapjónustu. Æskilegt hefði hins vegar verið að jafnframt væri varpað ljósi á eignarhald á svæðinu, m.a. skiptingu bújarða og eyðibýla í eignaeign og ríkiseign, þannig að auðveldara sé að meta grundvöll fyrir stofnun þjóðgarðs eða annars konar vernd. Þótt lög um náttúruvernd heimili stofnun þjóðgarðs að hluta til á landi í einkaeign er eðlilegt að gera ráð fyrir að meirihluti landsvæðis undir þjóðgarð sé í almannaeygu.

Í greinargerð segja flutningsmenn m.a.:

„Núverandi atvinnurekstur á svæðinu er einkum búrekstur á um tug býla, og getur allur haldið áfram við stofnun þjóðgarðs með sérstökum samningum við bændur. Hefðbundin nýting lands og sjávar eykur gildi þjóðgarðsins fyrir ferðafólk, og þjóðgarðsstofnun gæti styrkt þar hefðbundinn búrekstur ...“ Hætt er við að slík sambúð geti í reynd orðið erfið innan þjóðgarðs og skynsamlegra gæti verið að fella verndarskipulag á svæðinu undir aðra skilgreiningu en þjóðgarð skv. náttúruverndarlögum. Í því sambandi leyfi ég mér að nefna

- hugsanlega útfærslu á lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995 sem verði látin ná til umrædds landsvæðis við fjörðinn norðanverðan, en ný verndaráætlun er sögð í vinnslu (Hvítbók um náttúruvernd 2011, s. 219);
- stofnun sérstaks landslagsverndarsvæðis (landskapsvernområde), m.a. að norskri fyrirmynd, sbr. Hvítbók um náttúruvernd (Umhverfisráðuneytið 2011, s. 222–223).

Í lok greinargerðar með tillögunni er vísað til flokkunar Alþjóða-náttúruverndarsamtakanna IUCN og bent á að umrætt svæði við norðanverðan Breiðafjörð gæti flokkast undir þjóðgarð í flokki IA eða þá í flokk IV. Þetta fær vart staðist, sbr. m.a. rit IUCN Guidelines for Applying Protected Area Management Categories, ritstjóri Nigel Dudley (2008). Almenn er meginhluti þjóðgarða í flokki II hjá IUCN. Fljótt á litið virðist mér eðlilegast að horfa til flokka V (verndarsvæði á landi eða í sjó) eða VI (verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda) í sambandi við norðanverðan Breiðafjörð. Ný friðlýsingarákvæði í breyttum lögum um náttúruvernd, svo sem um landslagsverndarsvæði, gætu hugsanlega einnig hentað fyrir verndun á náttúru Breiðafjarðar og nágrennis.

Ástæða er til að fagna áhuga flutningsmanna um verndun umrædds svæðis og eðlilegt væri að fela umhverfisráðherra í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög, landeigendur, náttúruverndarsamtök og Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða svo og aðila í ferðaþjónustu að kanna æskilega tilhögun á verndaráætlun fyrir umrætt svæði.

Virðingarfyllt

Hjörleifur Guttormsson
náttúrufræðingur